



Samræmd starfsleyfisiskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

## Tímabundið starfsleyfi fyrir brennu \_\_\_\_\_ (dags, mán, ár)

(Almenn starfsleyfisiskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 m.s.b. gilda einnig um starfsemina)

Leyfishafi; \_\_\_\_\_, kt.

Heilbrigðisnefnd \_\_\_\_\_ hefur móttakið umsókn \_\_\_\_\_, dags, mán og ár f.h. \_\_\_\_\_ félag, kt. \_\_\_\_\_, heimilsfang \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi vegna \_\_\_\_\_ brennu sem halda á þann dags, mán og ár.

Umbeðið leyfi er veitt fyrir ofanskráða starfsemi með vísan í 17. gr. 7. kafla reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og kafla 10.7 um brennur í fylgiskjali 2 í sömu reglugerð og með vísun í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Ábyrgðarmaður: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Staðsetning: \_\_\_\_\_

### 1. Gildis- og ábyrgðarsvið:

- 1.1 Leyfið tekur til \_\_\_\_\_ brennu, á \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykki og neðangreindum skilyrðum:
- 1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

### 2. Skilyrði

- 2.1 Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi lögregluþyrvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.
- 2.2 Veitt er leyfi fyrir allt að \_\_\_\_\_ m<sup>3</sup> að stærð enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislögreglustjóra. "Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000."
- 2.3 Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhentt er beint frá olíufélagi. Í úrgangsolíu geta verið hættuleg spilliefni. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrstalagi einum klukkutíma áður en kveik er í.
- 2.5 Á brennustæði skal vera þykur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.
- 2.6 Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sopp, plast- og gummiefni (s.s. plastkassar, fiskkör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.
- 2.7 Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislögreglustjóra frá 7. desember 2000.
- 2.8 Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins.
- 2.9 Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 27. desember til 6. janúar ár hvert.
- 2.10 Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.



Samræmd starfsleyfisráði fyrir brennur  
Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga



Undirskrift heilbrigðiseftirlits \_\_\_\_\_